

Ed.

439. Breytingartillögur

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 42. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar. Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

2. Við 44. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:

Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í heild en tilsvaramandi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. Við 56. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Þangað til varasjóður sparisjódsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjódsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjódsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóds samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.